

Akureyri, 10.10.2022
Tilv. 2021-11-11-2821

Efni: Onni HU-36 (1318). Brottkast. Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni.

I. Málsvik

Fiskistofa hefur til meðferðar tvö mál er varða meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Onni HU-36, skipaskrárnúmer 1318, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Í fyrra málinu er skipstjóri jafnframt grunaður um meint brot á reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020. Til einföldunar og hagræðingar fyrir málsaðila sameinaði Fiskistofa málsmeðferð málanna.

a. 12. október 2021 (tilv. 2021-10-28-2689).

Málavöxtum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 28. október 2021, að þann 12. október 2021, um kl. 09:30, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit á Sauðárkróki. Þeir hafi veitt því athygli að Onni HU-36 (1318) var við veiðar á svæðinu og ákváðu að senda ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins í Skagafirði. Loftfarinu hafi verið flogið yfir skipið í þriggja og tóku veiðieftirlitsmenn upp samtals þrjú myndbönd. Upptaka hófst kl. 09:35 á fyrsta myndbandi og er lengd myndbandsins 08:51 mínútur. Upptaka á öðru myndbandi hófst kl. 10:34 og er lengd myndbandsins 09:35 mínútur. Upptaka á þriðja myndbandi hófst svo kl. 13:55 og er lengd myndbandsins 05:27 mínútur.

Á meðan á fyrsta flugi stóð hafi sést til skipverja kasta þegar veiddum afla fyrir borð og hafi þá myndupptökubúnaður loftfarsins verið virkjaður. Á myndbandsupptöku sést til skipverja kasta átta þorskum, einni tindaskötu og einni þykkvalúru fyrir borð, auk þess sést þegar einn skipverja blóðgar lífvænlega lúðu um borð í skipinu. Á meðan á öðru flugi stóð sést á myndbandsupptöku þegar skipverjar kasta fimm þorskum, tveimur sandkolum og fjórum tindaskötum fyrir borð, auk einum bolfiski og átta tíu flatfiskum af tegundum sem ekki var unnt að greina.

Loftfarinu var flogið yfir skipið í þriðja sinn. Á myndbandsupptöku sést þegar skipverjar hífa upp í blökk aftarlega á skipinu veiðarfæri skipsins, þannig að poki veiðarfæris var utan borðstokks og var hann fullur af fiski. Skipverjar sjást því næst leysa frá pokanum þannig að fiskurinn sem þar var rann út í sjó. Veiðieftirlitsmenn telja að allt að tvö tonn (2000 kg) af fiski hafi farið í sjóinn með þessum hætti, aðallega þorskur auk ýsu og kola. Það vakti athygli veiðieftirlitsmanna að skipverjar gerðu enga tilraun til að haka fiskinum um borð í skipið. Í einhverjum tilvikum féll fiskur úr veiðarfæri inn fyrir borðstokkinn og á þilfar skipsins. Sést til skipverja taka þann fisk en varpa honum jafnóðum fyrir borð. Að lokinni síðustu ferð loftfarsins fóru veiðieftirlitsmenn á Sauðárkrókshöfn, ásamt lögreglu sem var kölluð til aðstoðar, og tóku þar á móti skipinu þegar það kom til hafnar. Eftirlitsmenn ræddu þar við skipstjóra Onna HU-36 (1318), X. Aðspurður kvaðst hann ekki kannast við að skipverjar hafi kastað fiski í sjóinn. Þá var hann inntur eftir skýringum á því hvers vegna skipverjar hefðu varpað öllum þeim afla sem veiddur hafði verið í veiðarfæri skipsins aftur í sjó. Skipstjórinn gaf þær skýringar að ofurtogið hefði slitnað frá pokanum og vír sem fer í blökkina hafi farið í gegn. Ekki hafi verið hægt að þræða vírinn aftur og bóman (kraninn) hafi verið soðin föst og því ekki hægt að fella hana. Af þeim sökum hafi ekki verið hægt að taka pokann um borð og engin önnur úrræði í

boði en að skera á pokann og láta aflann sem komin var í veiðarfæri fara aftur í sjóinn. Við athugun veiðieftirlitsmanna á afladagbók kom svo í ljós að aflaupplýsingar höfðu ekki verið skráðar með réttum hætti og ekki sendar til Fiskistofu áður en skipið lagðist að bryggju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 298/2020.

b. 9. nóvember 2021 (tilv. 2021-11-11-2821).

Málavöxtum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 11. nóvember 2021, að þann 9. nóvember 2021, um kl. 12:00 hafi veiðieftirlitsmaður verið við eftirlit við Reykjaströnd norðan við Sauðárkrók. Hann hafi veitti því athygli að Onni HU-36 (1318) var við veiðar á svæðinu og ákvað hann að senda ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins í Skagafirði. Hann hafi tekið upp eitt myndband og er lengd þess um 07:30 mínútur. Áður en upptaka hófst hafi veiðieftirlitsmaður séð þegar skipverji hristi fjóra kola úr poka veiðarfæris aftan í skipinu þannig að þeir féllu í sjóinn. Myndupptökubúnaður flugfarsins hafi í beinu framhaldi verið virkjaður. Á myndbandsupptöku sést til skipverja, sem staðsettur var stjórnborðs megin, hrista átta kola úr pokanum þannig að þeir féllu á þilfar skipsins. Þar lét hann fiskana liggja þar til sjór skolaði þeim út um lensport og út í sjó stjórnborðs megin. Skipverjinn gerði engar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að umræddir fiskar féllu fyrir borð eins og honum bar að gera. Samtals varpaði áhöfn skipsins tólf (12) kolum fyrir borð.

II. Athugasemdir málsaðila

Fiskistofa sendi málsaðila bréf, dags. 12. júlí 2022 (tilv. 2021-11-11-2821), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Onni HU-36 (1318), í þau tvö aðgreindu skipti sem eru til skoðunar í málinu (12. október og 9. nóvember 2021). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Engar athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu fyrir uppgefin tímafrest, 9. ágúst 2022. Ákvörðun Fiskistofu tekur því mið af fyrirbyggjandi gögnum og málsatvikum að öðru leyti.

III. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að ákveða með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Í reglugerð nr. 298/2020, um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga, segir að skipstjóri skuli skrá upplýsingar um afla skipa, eftir magni og tegundum, með rafrænni afladagbók eða snjalltækjaforriti, og skal hann skila upplýsingunum með rafrænum hætti til Fiskistofu áður en skip er lagt að bryggju að lokinni hverri veiðiferð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Brot gegn ákvæðum hennar varða viðurlögum skv. lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Hvort tveggja, brottkast sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 og brot á reglugerð nr. 298/2020, geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga.



IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Onni HU-36 (1318) uppvís í tvö aðgreind skipti að meintu brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu í Skagafirði þann 12. október og síðar 9. nóvember 2021. Lögskráður skipstjóri um borð í báðum veiðiferðum var X, kt. [...]. Við eftirlitið var notast við ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði. Fyrir liggja samtals fjögur myndbönd sem sýna skipverja varpa fyrir borð og aftur út í sjó afla sem dreginn hafði verið um borð og/eða losaður úr veiðarfærum. Fyrir liggur að áhöfn hirti ekki og landaði þrettán (13) þorskum, fimm (5) tindaskötum, tólf (12) kolum, tveimur sandkolum og einni þykkvalúru sem komu í veiðarfæri skipsins. Að auki sést á myndbandsupptökum, í veiðiferð Onna HU-36 (1318) þann 12. október 2021, annars vegar þegar áhöfn skipsins varpar fyrir borð áttatíu (80) flatfiskum og einum bolfiski og hins vegar þegar áhöfn losar í sjó allt að tveimur tonnnum (2000 kg) af fiski úr veiðarfærum skipsins. Eins og fram hefur komið var ekki unnt að tegundagreina allan þann þegar veidda afla sem áhöfn Onna HU-36 (1318) varpaði fyrir borð eða losaði úr veiðarfærum í sjó 12. október 2021. Þeir tólf kolar sem áhöfn varpaði fyrir borð 9. nóvember 2021 voru allir tegundagreindir. Unnt var að tegundagreina samtals 33 fiska með óyggjandi hætti í báðum veiðiferðum. Tekur ákvörðun Fiskistofu mið hvort tveggja af þeirri greiningu sem og þeim ótegunagreinda afla sem áhöfn sést varpa fyrir borð eða losa úr veiðarfærum 12. október 2021.

Fyrirliggjandi myndbönd sýna með skýrum hætti að skipverjar viðhöfðu brottkast um borð í umræddu fiskiskipi umrædda daga. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur til grundvallar við ákvörðun sína. Málsaðili hefur engar skýringar gefið á meintum brotum, aðrar en skýringar skipstjóra á vettvangi og raktar eru í málsatvikum að framan, þrátt fyrir að hafa átt þess kost með tilkynningu til málsaðila um upphaf málsins í bréfi Fiskistofu dags. 12. júlí 2022 (tilv. 2021-11-11-2821). Að mati Fiskistofu stóðu skipverjum möguleg úrræði til boða í því skyni að landa þeim afla sem hafði þegar verið veiddur í veiðarfæri skipsins 12. október 2021. Fiskistofa fellst ekki á fullyrðingu skipstjóra um að ekki hafi verið neitt annað í stöðunni en að losa aflann úr veiðarfærum skipsins. Þvert á móti er það mat Fiskistofu að skipverjum stóðu til boða möguleg úrræði í því skyni að landa aflann. Þrátt fyrir að bóman um borð hafi verið óstarfhæf hefði til að mynda verið hægt að skera á pokann í vinnuhæð og tína aflann út um gatið og um borð í skipið. Hefði síðan verið hægt að sauma fyrir gatið, hífa pokann upp aftur og endurtaka aðgerðina þar til allur aflinn hefði verið kominn um borð. Jafnframt hefði verið hægt að kalla í nærliggjandi skip til aðstoðar eða einfaldlega draga pokann að landi við skipshlið og landa honum þegar skipið væri lagt að bryggju að lokinni veiðiferð. Stóðu öll framangreind úrræði áhöfn skipsins til boða og voru framkvæmanleg til að leysa þá brösóttu stöðu sem upp var komin um borð í Onna HU-36 (1318) umræddan dag.

Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspeglí gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim háttisreglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Í 15. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa nr. 30/2007 er lögfest ábyrgð skipstjóra á framkvæmd þeirra laga og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum. Jafnvel þó örðugt hafi verið að hífa um borð veiðarfæri skipsins á umræddum tímamarki, sem full voru af fiski, þá hvorki réttlætir það ákvörðun skipstjóra né leysir hann undan ábyrgð hans á því broti sem hann og áhöfn fiskiskipsins Onni HU-36 (1318) urðu uppvís að þegar aflinn var losaður úr veiðarfærum og varpað aftur út í sjó. Að mati Fiskistofu endurspeglar sú ákvörðun skipstjóra skeytingarleysi hans til þeirra hagsmuna sem í húfi voru og gagnvart þeim lögum sem honum bar að fylgja í

andstöðu við framangreint ákvæði. Skýringar skipstjóra eru haldlitlar og vísast til umfjöllunar um úrræði sem áhöfn stóð til boða að beita og hvernig hefði verið hægt að bregðast við í aðstæðum sem þessum, í því skyni að hirða og landa þeim afla sem veiddur hafði verið í veiðarfæri og skylt var samkvæmt lögum.

Fiskistofu bárust ekki rafrænar sendingar aflaupplýsinga á tilskildum tíma frá umræddu fiskiskipi fyrir löndun vegna veiðiferðar 12. október 2021. Skráning og skil á afla fyrir framangreinda veiðiferð var ekki send Fiskistofu. Af þeim sökum er skipstjóra gefið að sök að hafa ekki sinnt skyldu sinni til aflaskráningar í afladagbók áður en umrætt fiskiskip lagðist að bryggju í umrætt skipti, eins og mælt er fyrir um í reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020. Fyrir liggur að Fiskistofu bárust hvorki tilkynningar um bilun í rafrænni afladagbók né undirritaðar aflaupplýsingar á pappír vegna umræddrar veiðiferðar líkt og kveðið er á um í 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Onni HU-36 (1318) hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim afla sem að framan greinir í umræddum veiðiferðum, 12. október og 9. nóvember 2021. Jafnframt er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins Onni HU-36 (1318) hafi ekki sinnt skyldu sinni til skila á rafrænum aflaupplýsingum og þar með brotið gegn reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020 þann 12. október 2021.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Onni HU-36 (1318) er talin varða við 2. mgr. 2.gr. sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Vanskil á rafrænum aflaupplýsingum varða við 2. mgr. 4. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020 sbr. 17. gr. sbr. 24. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sbr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér sparnað útgjalda við að grípa til réttmætra ráðstafana í því skyni að hirða og landa þeim afla sem veiddur hafði verið í veiðarfæri og losaður var í sjó. Með því hafi málsaðili komist hjá hugsanlegum kostnaði vegna þessa. Brotin voru framin í hagnaðarskyni og að baki þeim bjó hagnaðarhvöt þó svo að þau hafi fyrst og fremst beinst gegn öðrum og mikilvægum hagsmunum en fjárverðmætum, þ.e. góðri umgengni um nytjastofna sjávar. Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafkastur fyrir íslensku þjóðina.

Myndbönd þau sem fyrir liggja í málinu sýna með skýrum hætti framgöngu skipverja um borð í umrædd skipti þegar þeir varpa þegar veiddum afla aftur í sjó. Aflanum er kastað fyrir borð, að því er virðist, án umhugsunar og í algjöru skeytingarleysi við settar háttensisreglur, og virðast vinnubrögð þeirra og framganga með öllu venjubundin. Gefur háttsemi áhafnar í umræddum veiðiferðum sterklega til kynna að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Þá eru brot áhafnar í veiðiferð 12. október 2021 sérlega vítaverð og meiriháttar þegar hún varpaði í sjóinn hundrað og tveimur (102) fiskum og síðar þegar losuð voru allt að tvö tonn úr veiðarfærum. Málsbætur skipstjóra, um slitið ofurtog og óstarfhæfa bómu (krana), eru að mati Fiskistofu haldlitlar og afsaka ekki gróft brot áhafnar gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Stöðu önnur úrræði skipverjum til boða en að sleppa umræddum fiski úr veiðarfærum, líkt og að framan er rakið, og afsakar bilun í tækjabúnaði og/eða slitnir vírar ekki framgöngu þeirra.

Við mat á ásetningsstigi, er litið til þess að málsaðili stundar veiðar í atvinnuskyni, ber ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans eigu séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út og að allur aðbúnaður og tækjakostur sé virkur og í fullnægjandi ásigkomulagi. Jafnframt er litið til háttsemi og framgöngu skipverja, við mat á ásetningsstigi. Svo virðist sem engin tilraun hafi verið gerð til að koma aflanum um borð úr veiðarfæri skipsins heldur var brugðið á það ráð að varpa honum aftur í sjó, og það með talsverðri fyrirhöfn. Þegar veiðarfærin voru í kjölfarið dregin um borð sést þegar einn skipverja losar tvo þorska sem fastir voru í netinu og kastar aftur í sjó. Eftir að veiðarfæri eru komin inn fyrir borðstokk þá losar hann tvo þorska til viðbótar úr netinu og kastar þeim jafnframt fyrir borð. Að mati Fiskistofu undirstrikar framferði umrædds skipverja hugarfar og þann styrka og beina ásetning áhafnar um borð til brotsins og skort á viðleitni til að reyna bjarga þeim aflaverðmætum sem veidd höfðu verið í veiðarfæri skipsins. Af ljósmyndum að dæma sem eftirlitsmenn tóku af bómunni um borð í Onna HU-36 (1318) má sjá að hún var talsvert ryðguð. Ekki er hægt að skera úr um það með vissu hvort hún var soðin föst eða ekki. Hvað sem því líður þá afsakar það ekki verknað áhafnar og forkastanleg vinnubrögð í kjölfar þess að ofurtogið slitnaði. Að mati Fiskistofu er það ámælisverð vanræksla af hálfu málsaðila að skipinu hafi verið haldið til veiða 12. október 2021 með ónýta/óstarfhæfa bómu (krana) um borð. Jafnvel þó hún hafi virkað í upphafi veiðiferðar að þá var ásigkomulag hennar óviðunandi eins og síðar kom í ljós.

Eins og að framan er rakið voru 33 fiskar tegundagreindir, af þeim fiskum sem kastað var, í báðum veiðiferðum er mál þetta varðar. Vegna þeirra þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í þrjár vikur. Þegar litið er til þeirra forkastanlegu brota þar sem áttatíu og einum fiski er varpað fyrir borð auk þess afla sem veiddur hafði verið í veiðarfæri (allt að tvö tonn) og sleppt, þykja hæfileg viðurlög við þeim vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í fimm vikur. Þó svo sá afli hafi ekki verið tegundagreindur þá sýna myndbandsupptökur skýrlega að um tegundir hafi verið að ræða sem skylt var að hirða og landa; aðallega þorskur auk ýsu og kola. Jafnvel þó í þeim afla gæti hafa verið einstaka fiskar sem skylt var að sleppa þá breytir það ekki niðurstöðunni. Fiskistofa horfir í þessu samhengi til þess hvernig verknaðinum sjálfum var háttað, þeim hagsmunum sem verknaðurinn beindist að og verknaðaraðferðar áhafnar í umrætt sinn og þeirri meðvituðu ákvörðun skipstjóra um að losa frá veiðarfærum, sem í var umtalsvert magn af afla, heldur en að horfa einvörðungu til fjölda fiska eða þyngd afla, sem í veiðarfærum voru. Skipstjóri var grandsamur um, eða hefði mátt gera sér grein fyrir að langlíklegast var, að ákvörðun sín um að losa aflann úr veiðarfærum skipsins bryti gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, en eftir sem áður lét hann verða af

henni. Áhöfn Onna HU-36 (1318) bar að koma þegar veiddum afla um borð og einungis þannig hefðu þeir getað flokkað úr þá fiska sem þeim bar að sleppa, enda var hún við veiðar með dragnót.

Brotkast áhafnar Onna HU-36 (1318) á fimm tindaskötum þann 12. október 2021 hafa ekki áhrif á ákvörðun Fiskistofu um viðurlög. Þá eru engin fyrri brot málsaðila sem hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun um viðurlög. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf viku eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um endurtekin ásetningsbrot málsaðila, og eftir atvikum áhafnar, sé að ræða og brotin því alvarleg. Brot áhafnar þann 12. október 2021 voru í senn umfangsmikil og stórfelld og að mati Fiskistofu sérstaklega ámælisverð. Af þeim sökum og á grundvelli þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í átta vikur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Onni HU-36 (1318), leyfi til veiða í atvinnuskyni í átta vikur (56 daga) frá og með 4. nóvember 2022 til og með 30. desember 2022, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða með dragnót skv 1. gr. reglugerðar nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland. Fiskistofa veitir jafnframt útgerð fiskiskipsins Onni HU-36 (1318), Stakkfell útgerð ehf., kt.: 540519-0210, áminningu skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 vegna brota á reglugerð um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga nr. 298/2020 sbr. 17. gr. sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

Fiskistofa hefur þegar kært brot málsaðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og óskað þess að þau verði tekin þar til rannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ef til lögreglurannsóknar kemur mun hún fara fram í kjölfar málsmeðferðar Fiskistofu sem nú er lokið með ákvörðun þessari um stjórnsýsluviðurlög. Málalok málsins hjá Fiskistofu bindur ekki lyktir málsmeðferðar sakamáls hjá lögreglu.

